

## Fréttatilkynning frá meirihluta fjárlaganefndar

Þann 4. desember sl. gerðu formenn stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi annarsvegar og forseti Alþingis hinsvegar með sér samkomulag til að ljúka annarri umræðu um ríkisábyrgð á Icesave-samningunum sem þá hafði staðið lengi yfir. Samkomulagið fól í sér að leitað yrði svara við 16 atriðum sem stjórnarandstaðan gerði kröfu um að skoðuð yrðu á milli annarrar og þriðju umræðu.

Þessi atriði voru:

1. Lögfræðiálit um hvort frumvarpið standist ákvæði stjórnarskrár.
2. Mat á því hversu miklar fjárhagsskuldbindingar samningarnir fela í sér.
3. Mat á hættu á því að kveða á um skilyrðislausu greiðsluskyldu á vöxtum.
4. Mat á fjárhagslegri þýðingu breytinga á efnahagslegum fyrirvörum.
5. Mat á fjárhagslegri þýðingu á breytingu fyrirvara er varða reglur um úthlutun úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf. (Ragnars Hall ákvæðið).
6. Mat á gengisáhættu samninganna.
7. Mat á fjárhagslegri þýðingu þess að vextir samkvæmt samningunum séu fastir (5,55%) en ekki breytilegir.
8. Mat á þýðingu nýrra upplýsinga um mat AGS á greiðsluþoli ríkissjóðs.
9. Nánari upplýsingar frá fyrrverandi utanríkisráðherra Íslands, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, um hverjar forsendur Brüssel-viðmiðanna voru.
10. Skýra misræmi í túlkun forsætisráðherra Íslands og Bretlands á ákvæðum samninganna.
11. Lögfræðiálit sérfræðinga í enskum lögum á texta samninganna.
12. Lögfræðiálit á þýðingu þess að ensk lög gildi um samningana en ekki íslensk, verði látið reyna á ákvæði þeirra fyrir dómstólum.
13. Mat á áhrifum endurskoðunar á löggjöf ESB um innlánstryggingakerfi á skuldbindingar Íslands samkvæmt samningunum.
14. Mat á afleiðingum þess að frumvarpið verði ekki samþykkt óbreytt eða að dráttur verði á samþykkt þess.
15. Þær fundargerðir, skrifleg gögn og frásagnir, sem óskað hefur verið eftir á Alþingi, af fundum íslenskra ráðherra og erindreka þeirra við erlenda aðila.

16. Lögð er áhersla á að þau atriði sem að ofan greinir og falla undir málasvið efnahags- og skattanefndar, og eftir atvikum undir málasvið annarra fastanefnda Alþingis, verði send þeim nefndum til efnislegrar meðferðar og umsagna um þau leitað hjá viðkomandi nefndum og þau yfirfarin í fjárlaganefnd.

Auk fjárlaganefndar fjölluðu Efnahags- og skattanefnd, Utanríkismálanefnd og Viðskiptanefnd um ákveðna þætti samkomulagsins og hafa nefndirnar allar skilað fjárlaganefnd álitu sínu á þeim þáttum.

Fyrir liggja álit bresku lögfræðistofanna Ashurst og Myschon de Reya á texta samninganna sem og öðrum þeim atriðum sem óskað var eftir að þær gæfu álit sitt á.

Þrír íslenskir lögfræðingar hafa skilað inn álitum sínum á því hvort frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave- samningana standist ákvæði stjórnarskrár Íslands. Leitað hefur verið til Seðlabanka Íslands varðandi áhrif skilyrðislausrar greiðsluskyldu á vöxtum og fjárhagslegrar þýðingar á efnahagslegum fyrirvörum Alþingis. Seðlabankinn hefur sömuleiðis lagt mat á hversu miklar fjárhagsskuldbindingar samningarnir fela í sér. Seðlabanki Íslands og IFS hafa gefið álit sitt á áhrifum skilyrðislausra greiðsluskyldu vaxta og unnið áhættumat á þeim skuldbindingum sem í samningunum felast.

Fyrir liggja gögn frá Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu á samanburð á föstum og breytilegum vöxtum og ráðuneytið hefur einnig, eins og önnur ráðuneyti, lagt fram þau gögn sem óskað hefur verið eftir og til eru af fundum íslenskra ráðherra og erindreka þeirra í tengslum við þetta mál.

Geir H. Haarde fyrrverandi forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrrverandi utanríkisráðherra hafa hvort um sig veitt þær upplýsingar sem óskað var eftir frá þeim í samkomulagi stjórnarandstöðunnar og forseta Alþingis.

Öll önnur atriði samkomulagsins hafa verið uppfyllt eins og kostur er og gert var ráð fyrir í upphafi málsins.

Það er álit meirihluta fjárlaganefndar að staðið hafi verið í einu og öllu við það samkomulag sem gert var á milli formanna stjórnarandstöðunnar og forseta Alþingis um meðferð þessa máls og þeirra upplýsinga aflað sem óskað var eftir í samkomulaginu.

22. desember 2009

Guðbjartur Hannesson  
Björn Valur Gíslason  
Oddný Harðardóttir  
Puríður Backman  
Sigmundur Ernir Rúnarsson

Ámundur Einar Daðason